


VLR-004	<b>Verklagsreglur um aðildarfélag Stúdentafélags Háskólans á Akureyri</b>	
Útg. 04		
Dags.: 02.06.2026		
Ábyrgð: Stúd.ráð		
Samþykkt: Stúd.ráð		
Síða 1		

## 1. gr.

### Hlutverk

Verklagsreglur þessar eru settar í þeim tilgangi að tryggja jafnrétti og að ákvarðanir verði bæði markvissar og gagnsæjar. Verklagsreglurnar eru settar í samræmi við 7. gr. samþykktu Stúdentafélags Háskólans á Akureyri. Verklagsreglurnar gilda um aðildarfélag SHA, sem og um hlutverk, ábyrgð og samráð þeirra aðila sem sitja í stjórnnum aðildarfélaga. Aðildarfélag starfa samkvæmt VIII. kafla samþykktu SHA.

## 2. gr.


### Stjórnskipulag aðildarfélaga

Í hverju aðildarfélagi sitja stjórnarmeðlimir, sem kosnir eru á aðalfundi aðildarfélaganna samkvæmt samþykktum hvers aðildarfélags. Öll aðildarfélag skulu kjósa sér *fulltrúa nýnema*, ekki síðar en 16. september ár hvert og er það undir stjórnnum aðildarfélaga komið að kynna embættið á nýnemadögum háskólans.

## 3. gr.

### Starfshættir aðildarfélaga

Fulltrúar í stjórnnum aðildarfélaga eru helstu tengiliðir stúdenta við stúdentaráð og einstaka deildir háskólans. Stjórnnum aðildarfélaga ber að skipa fulltrúa sína í fastanefndir SHA sem og fulltrúa stúdenta á: deildar-, deildarráðs- og fræðasviðsfundi, fundi stjórna fræðasviða, sem og á fundi náms- og matsnefnda deilda. Aðildarfélag skulu alltaf hafa hagsmuni stúdenta að leiðarljósi og vera virkir þátttakendur í hagsmunabaráttu stúdenta, sérstaklega innan skólans. Fulltrúum í stjórn aðildarfélaga ber að beina öllum þeim kvörtunum og ábendingum sem kunna að koma inn á þeirra borð, áfram til framkvæmdastjórnar SHA, sem tekur á málum eða vísar þeim áfram í rétta átt.

VLR-004	<b>Verklagsreglur um aðildarfélög Stúdentafélags Háskólans á Akureyri</b>	
Útg. 04		
Dags.: 02.06.2026		
Ábyrgð: Stúd.ráð		
Samþykkt: Stúd.ráð		
Síða 2		

Aðildarfélög skulu standa fyrir skemmtunum og öðrum viðburðum fyrir félagsfólk sitt. Við skipulagningu slíkra viðburða skulu þau horfa til þarfa alls félagsfólks, meðal annars með tilliti til aðgengis, tímasetninga í samræmi við lotur og annars fyrirkomulags sem gæti haft áhrif á þátttöku. Mikilvægt er að viðburðir séu auglýstir tímanlega og með aðgengilegum hætti svo upplýsingar nái til sem flestra.

Aðildarfélögum ber að halda stjórnarfundum reglulega og skal ritari félags rita fundargerð. Aðildarfélögum ber að skila starfs- og fjárhagsáætlunum, fundargerðum aðalfunda, samþykktum og samþykktabreytingum, ársreikningum auk allra samstarfsamninga sem félagið kann að gera inn á skjalasvæði SHA.

Stjórn aðildarfélags er heimilt að greiða út umbun fyrir störf í þágu félagsins. Það er undir hverri stjórn komið að ákveða í hvaða formi umbunin greiðist og meta hvort félagið geti staðið undir þeim kostnaði.


Verkefnastjóri námssamfélags gefur út handbook fyrir fulltrúa aðildarfélaga SHA. Handbókin skal uppfærð í byrjun hvers skólaárs og er verkefnastjóri námssamfélags ábyrgðaraðili hennar.

#### 4. gr.

##### Félagsaðild

Allir þeir stúdentar sem hafa skráð sig í aðildarfélag og uppfylla skilyrði aðildar samkvæmt samþykktum aðildarfélags eru fullgildir meðlimir þess. Öllu félagsfólki er velkomið að beina erindum er varða háskólann, námið eða starf SHA og aðildarfélaga þess til stúdentaráðs.

Skráning fer fram á vefsíðu SHA fyrir 15. september ár hvert. Óski stúdent eftir því að skrá sig í aðildarfélag eftir að skráningu lýkur skal hann greiða félagsgjald til SHA [2.500 kr. fyrir misserið]. Stjórnir aðildarfélaga bera ábyrgð á því að kynna aðildarfélögin fyrir stúdentum og hvetja þá til

VLR-004	<b>Verklagsreglur um aðildarfélög Stúdentafélags Háskólans á Akureyri</b>	
Útg. 04		
Dags.: 02.06.2026		
Ábyrgð: Stúd.ráð		
Samþykkt: Stúd.ráð		
Síða 3		

skráningar, nýnemar eru kynntir fyrir aðildarfélögum og stjórnun þess á nýnemadögum háskólans. Auk þess er það undir stjórnun aðildarfélaganna komið að hvetja til endurskráningar en allir stúdentar þurfa að endurnýja skráningu á hverju ári.

## 5. gr.

### Fjárhagur aðildarfélaga

Í byrjun starfsárs skulu stjórnir aðildarfélaga skila inn greinargóðri fjárhagsáætlun komandi starfsárs á skjalasvæði SHA. Í fjárhagsáætlun skulu koma fram sundurliðaðir þeir viðburðir og verkefni sem áætluð eru ásamt því fjármagni sem stjórn hyggst nota í hvern lið.


Í lok starfsárs skulu stjórnir aðildarfélaga skila ársreikningi, fylltum út eftir sniðmáti og leiðbeiningum SHA, inn á skjalasvæði SHA.

### Framlag SHA til aðildarfélaga

Aðildarfélög fá greiðslu frá SHA allt að þrisvar sinnum á starfstímanum. Fyrsta greiðsla greiðist í upphafi skólaárs og skiptist þannig:

- Unit; 100.000 kr.
- Þemis; 150.000 kr.
- Magister, Reki og Stafnbúi; 200.000 kr.
- Eir og Kumpáni; 250.000 kr.

Önnur greiðsla fer eftir skráningu stúdenta í aðildarfélag [1.200.000 kr.] og skiptist hlutfallslega á milli aðildarfélaga. Sú greiðsla berst aðildarfélögum eftir að skráningu í aðildarfélög er lokið.

VLR-004	<b>Verklagsreglur um aðildarfélög Stúdentafélags Háskólans á Akureyri</b>	
Útg. 04		
Dags.: 02.06.2026		
Ábyrgð: Stúd.ráð		
Samþykkt: Stúd.ráð		
Síða 4		

Þriðja og síðasta greiðslan [1.000.000 kr.] er bundin við fjárhagsáætlun aðildarfélaga og greiðist út í byrjun febrúar. Þriðja greiðsla skiptist hlutfallslega á milli þeirra aðildarfélaga sem eiga rétt á henni. Til að eiga rétt á greiðslu þurfa stjórnir aðildarfélaga að skila inn uppfærðri fjárhagsáætlun þar sem fram kemur raunkostnaður við hvern lið. Ef aðildarfélag skilar ekki uppfærðri fjárhagsáætlun, eða getur ekki sýnt fram á að hafa sinnt hlutverki sínu gagnvart félagsfólki á starfsárinu, áskilur SHA sér rétt til að greiða félaginu ekki þriðju greiðslu.

### **Lausafjárstaða við stjórnarskipti**

Aðildarfélög skulu leitast við að skila af sér hæfilegri lausafjárstöðu við lok starfsárs, þannig að ný stjórn hafi svigrúm til að hefja störf og sinna starfsemi félagsins. Jafnframt skal stjórn aðildarfélags hafa það að leiðarljósi að fjármunir félagsins séu nýttir í þágu félagsfólks, meðal annars með viðburðum eða öðrum verkefnum sem samræmist tilgangi félagsins.


Að jafnaði skulu aðildarfélög miða við eftirfarandi lausafjárstöðu við lok starfsárs:

Félög í fyrsta þrepi (félagar 150 eða færri): 100.000-300.000 kr.

Félög í öðru þrepi (150-299 félagar): 200.000-600.000 kr.

Félög í þriðja þrepi (félagar 300 eða fleiri): 300.000-800.000 kr.

Neðri mörk hvers þreps skulu teljast lágmarksviðmið sem aðildarfélög skulu leitast sérstaklega við að uppfylla. Ef félag skilar af sér lausafjárstöðu undir lágmarksviðmiði skal fráfaramandi stjórn gera sérstaka grein fyrir ástæðum þess og hver áhrifin gætu orðið á rekstur félagsins á næsta starfsári. Skal framkvæmdastjórn leggja mat á rekstur félagsins og ástæður þær er liggja að baki fjármagnsstöðu undir lágmarksviðmiði og í kjölfarið takaákvörðun um hvort stjórn skuli bera ábyrgð gagnvart félaginu á þeirri upphæð sem útaf stendur. Ef frávik er verulegt er

VLR-004	<b>Verklagsreglur um aðildarfélög Stúdentafélags Háskólans á Akureyri</b>	
Útg. 04		
Dags.: 02.06.2026		
Ábyrgð: Stúd.ráð		
Samþykkt: Stúd.ráð		
Síða 5		

framkvæmdastjórn heimilt að draga þá upphæð sem uppá vantar af fyrsta framlagi til aðildarfélagsins.

Hærrí lausafjárstaða en framangreind viðmið segja til um er heimil, enda sé hún rökstudd með greinargóðum hætti, m.a. ef há lausafjárstaða stafar af styrkjum eða öðrum tekjum sem berast seint á starfsárinu, fjármunum sem hafa verið eyrnamerkir ákveðnum verkefnum eða ófyrirséðum breytingum á starfsemi félagsins. Slík staða telst ekki sjálfkrafa frávik frá góðri fjármálastjórn, enda sé sýnt fram á að félagið hafi sinnt hlutverki sínu á starfsárinu og að fjármunirnir nýtist áfram í þágu félagsfólks.

## **8. gr.**

### **Ársskýrsla**

Aðildarfélög skulu jafnt og þétt yfir starfsárið halda dagbók um starfsemi félagsins. Þar skulu skráðar upplýsingar um viðburði, hvar þeir voru, hvað var keypt, hvernig mæting var og hvað hefði mátt gera betur. Í lok starfsárs skal stjórn félagsins taka saman stutta greinargerð um störf félagsins yfir árið í ársskýrslu og skila á skjalasvæði SHA til birtingar í ársskýrslu SHA.

## **9. gr.**

### **Endurskoðun verklagsreglnanna**

Verklagsreglur þessar eru settar af stúdentaráði Stúdentafélags Háskólans á Akureyri. Öllum þeim sem sinna trúnaðarstörfum fyrir SHA ber skylda til að kynna sér verklagsreglur í upphafi starfstímabils síns. Verklagsreglurnar skulu endurskoðaðar í upphafi hvers starfsárs og eftir atvikum uppfærðar af stúdentaráði.